



FUNDARGERÐ

1. FUNDUR RÁÐGJAFARNEFNDAR FAGSTOFNANA OG EFTIRLITSADILA

Dags.fundar 12. september 2012	Tími 14:30 – 15:30	Staður Umhverfisstofnun	Nr. fundar 1
Fundarboðandi: Tryggvi Þórðarson		Fundarritari: Tryggvi Þórðarson	
Fundarmenn: Árni Ísaksson, Árný Sigurðardóttir, Daði Þorbjörnsson, Elísabet Pálmadóttir, Eydís Líndal Finnbogadóttir, Ingunn E. Jónsdóttir, Jörunn Harðardóttir, Kristinn Einarsson, Marianne Jensdóttir, Ólafur Arnalds, Sólveig R. Ólafsdóttir, Þóroddur F. Þóroddsson, Héðinn Friðjónsson (staðgengill Sigrúnar Ólafsdóttur), Tryggvi Þórðarson. Forföll boðuðu: Árni Einarsson, Guðmundur Stefánsson, Sigrún Ólafsdóttir Fundarboð fengu ekki: Guðrún Þóra Garðarsdóttir, Edda Sigurdís Oddsdóttir			
Afrit sent til: Fundarmanna og annarra fulltrúa			
Dagskrá fundar: 1. Kosning formanns og varaformanns 2. Kosning fulltrúa í vatnasvæðisnefndir. 3. Önnur mál			
Á fundinum gerðist þetta: Þú bauð fundarmenn velkomna á fyrsta fund nefndarinnar. Hann fór í gegnum það hverjir sætu í nefndinni og á hvers vegum. Því næst afhenti hann Kristni Einarssyni fundarstjórn. Í kjölfarið var gengið til dagskrár. 1. Kosning formanns og varaformanns. Í upphafi fóru fram umræður um hlutverk nefndarinnar og þau verkefni sem henni eru ætluð. Einnig var rætt um æskilegan bakgrunn formanns og varaformanns, hvort hann ætti að koma frá stofnun sem hefði mikið af gögnum fram að færa og tæki þegar þátt í vinnu í tengslum við stjórn vatnamála eða frá stofnun sem hefði minna af gögnum en hefði enn ekki aðkomu að málaflökknum. Virtust fundarmenn ásáttir um að fyrri atriðið ætti betur við um formanninn en það seinna um varaformanninn. Í kjölfarið var stungið var upp á Jöranni Harðardóttur frá Veðurstofu Íslands sem formanni en Þóroddi F. Þóroddssyni frá Skipulagsstofnun sem varaformanni. Gáfu þau bæði kost á sér og voru þau kosin með lófataki. 2. Kosning fulltrúa ráðgjafanefndarinnar í vatnasvæðisnefndir. Þú upplýsti að næstu fundir vatnasvæðisnefnda væru fyrirhugaðir sem hér segir: Vatnasvæðisnefnd 1: - 9. október nk. á Reykhólum, Vatnasvæðisnefnd 2: - 4. október nk. við Mývatn, Vatnasvæðisnefnd 3: - 2. október nk. á Hvolsvelli, Vatnasvæðisnefnd 4: - 3. október nk. á Umhverfisstofnun, Reykjavík Var farið yfir hverjir fundarmanna væru staðkunnugir á hverju hinna fjögurra vatnasvæða. Svo virtist sem aðeins einn fulltrúi væri staðkunnugur í hverju vatnasvæðanna 1, 2 og 3 og var stungið upp á þeim og Daða Þorbjörnssyni sem fulltrúa í vatnasvæðisnefnd fjögur. Bar fundarstjóri málið upp og voru tillögurnar samþykktar samhljóða. Fulltrúar ráðgjafanefndar fagstofnana og eftirlitsaðila í vatnasvæðisnefndum eru því þessir: Vatnasvæðisnefnd 1: Þorleifur Eiríksson, Samtökum náttúrustofa. Vatnasvæðisnefnd 2: Árni Einarsson, Náttúruverndarnefndin við Mývatn. Vatnasvæðisnefnd 3: Magnús Jóhannsson, Veiðimálastofnun Vatnasvæðisnefnd 4: Daði Þorbjörnsson, Íslenskum orkurannsóknunum. 3. Önnur mál a) Vinnulag og fyrirkomulag funda Nokkur umræða fór fram um hvaða gögn einstakra stofnana myndu nýtast við vinnu við stjórn vatnamála. Rætt var um æskilega tíðni funda og kom fram að ekki væri ástæða til að kalla nefndina saman nema verkefni kölluðu á það, hægt væri að komast langt með samskiptum á milli fulltrúanna. Bæri þó að stefna að því að næsti fundur yrði haldinn í lok október nk. en þá myndi liggja fyrir tillaga að aðgerðaráætlun fyrir nefndina. Umræða var um að nefndarmenn vanti yfirsýn yfir hvaða málefni það væru sem Umhverfisstofnun kallaði eftir að nefndin vinni að og var ákveðið að formaður, varaformaður og starfsmaður nefndarinnar myndu funda til að kortleggja þetta betur og kynna fyrir eða á næsta fundi. Einnig kom fram að fyrir næsta fund myndu liggja fyrir fundargerðir svæðisnefnda sem gæfu e.t.v. tilefni til sérstakrar umræðu. Ábending kom fram um að hafa fundartíma nefndarinnar strax upp úr hádegi vegna fólks utan af landi. b) ÓA vakti máls á því að taka þyrfti tillit til votlenda við vinnu við innleiðingu vatnatilskipunar, því þau hafa mikil áhrif á vatnshlot, rennislismynstur, frjósemi og efnainnihald vatnakerfa.			
Fleira gerðist ekki			